

16. gr.

16

Óheimilt er manni að vinna fyrir kaupum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum meðan hann er í orlofi, og skulu sett um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

26. febr.

17. gr.

Framsál orlofsmerkja og flutningur orlofsmerkja milli ára er óheimill.

18. gr.

Það varðar sektum, er renna í ríkissjóð, ef:

1. Vinnuveitandi lætur starfsmann sinn ekki fá orlof eða orlofsfé samkvæmt lögum þessum, nema um ítrekað brot sé að ræða, því þá má dæma hann til varðhalds.
2. Ef vinnuveitandi gerir samning við starfsmann sinn, sem bannaður er í 2. gr. 2. mgr.
3. Ef starfsmaður brýtur ákvæði 16. og 17. gr., og skal þá jafnframt, ef brot er ítrekað, ákveða með dómi missi orlofsréttar næsta orlofsár eftir að dómur er kveðinn upp.

Mál út af brotum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála. Sökin fynnist, ef mál er eigi höfðað áður en næsta orlofsári lýkur eftir að brot var framið.

19. gr.

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi heyra undir félagsdóm.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

17

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám laga nr. 34 27. júní 1941, um breyting á þeim lögum.

26. febr.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

23. gr. laga nr. 12 31. maí 1927 orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið eina krónu fyrir hvern mann í hreppnum samkvæmt manntali þess árs, er hann tekur laun fyrir, og auk þess minnst 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum.

Á laun oddvita, önnur en innheimtulaun, greiðist verðlagsuppbót eftir almennri vísitölu samkvæmt lögum um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númin lög nr. 34 27. júní 1941.

17

26. febr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka oddvitar laun samkvæmt þeim frá 1. janúar 1942.

3. gr.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

18

26. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna verði þannig:

Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu og varna skemmdum af ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki:

1. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti, Álum, Affalli og Þverá að Markarfljótsbrú.
2. Nauðsynlegar endurbætur og lenging varnargarðsins hjá Seljalandi til varnar landspjöllum undir Eyjafjöllum.
3. Varnargarða innan Háamúla í Fljótshlíð og sunnan Markarfljótsbrúar undir Eyjafjöllum, eftir því sem þurfa þykir til að verjast eyðingu gróðurlendis á þessum slóðum.
4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar gegn yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra.
5. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.

2. gr.

4. og 5. málgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður kostar að öllu leyti mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1. og 2. lið.

Ríkissjóður kostar að $\frac{7}{8}$ hlutum mannvirki þau, sem talin eru í 3. lið, en sýslufélag Rangárvallasýslu að $\frac{1}{8}$ hluta.

Ríkissjóður kostar að $\frac{3}{4}$ hlutum fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 4. og 5. lið, og sýslufélag Rangárvallasýslu að $\frac{1}{4}$ hluta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.